

REGLUR

um (2.) breytingu á reglum nr. 213/1999 um ferðakostnað sjúkratryggðra sjúklinga og aðstandenda þeirra innanlands.

1. gr.
2. gr. fellur brott.
2. gr.
4. mgr. 3. gr. fellur brott.
3. gr.
3. másl. 4. gr. fellur brott.

4. gr.

Í stað 1. mgr. 6. gr. koma fjórar nýjar málsgreinar sem orðast svo:

„Tryggingastofnun ákvarðar um rétt til endurgreiðslu ferðakostnaðar samkvæmt reglum þessum, þar á meðal um gildistíma ferðaheimildar. Með umsókn sinni um endurgreiðslu skal sjúklingur leggja fram staðfestingu á hverri komu frá þeim sem meðferðina veitir auk staðfestingar frá sjúkrahúsi um sjúkrahúslegu eftir því sem við á.

Sé um að ræða tvær ferðir sjúklings á tólf mánaða tímabili samkvæmt 1. mgr. 3. gr. skal sjúklingur framvísa staðfestingu læknis í héraði á því að hann hafi þurft að vísa sjúklingi til meðferðar utan héraðs þar sem þjónustan sé ekki fyrir hendi í heimahéraði og ekki hafi verið unnt að nota eða bíða eftir skipulögðum lækningaferðum.

Til þess að unnt sé að ákvarða um endurgreiðslu vegna langra ítrekaðra ferða samkvæmt 2. mgr. 3. gr. skal læknir í héraði senda Tryggingastofnun skýrslu um sjúkling þar sem kemur skýrt fram að læknirinn geti ekki sinnt tilfellinu og skulu rök færð fyrir því. Einnig skulu koma fram almennar upplýsingar um sjúkling, sjúkdómsgreining og sjúkdómsgreiningarnúmer (ICD-númer). Þar skal enn fremur gera grein fyrir sjúkrasögu í stuttu máli, nauðsyn meðferðar, tímabilum hennar og fyrirhuguðum fjölda ferða. Þegar um er að ræða stuttar ítrekaðar ferðir samkvæmt 4. gr. skal meðferðaraðili senda Tryggingastofnun skýrslu. Hið sama gildir um ferðir vegna fræðslunámskeiða samkvæmt 5. mgr. 5. gr. og þegar sjúklingi er ekki unnt að nota almenningsfarartæki af heilsufarslegum ástæðum, sbr. 6. mgr. 5. gr.

Ákvörðun Tryggingastofnunar samkvæmt 3. mgr. skal að jafnaði liggja fyrir áður en ferð er farin nema um bráðatilvik sé að ræða.“

5. gr.

Reglur þessar sem settar eru af tryggingaráði á grundvelli stafliðs i í 1. mgr. 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, sbr. og 3. mgr. 36. gr. s.l., staðfestast hér með og öðlast gildi 1. janúar 2003.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. október 2002.

Jón Kristjánsson.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.